

Nd.

## 1085. Nefndarálit

[456. mál]

um frv. til l. um Bygðastofnun.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Annar minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar flytur fjórar breytingartillögur við frv. til l. um Bygðastofnun:

1. Lagt er til að stofnunin heyri undir félagsmálaráðherra í stað forsætisráðherra.
2. Lagt er til að þóknananefnd ákveði laun stjórnarmanna.
3. Lagt er til að stofnuninni verði ráðinn einn forstöðumaður og að ráðning gildi til sex ára í senn.
4. Gerð er tillaga um nánari tengsl stofnunarinnar við landshlutasamtökin en stjórnarflokkarnir hafa áform um. Enn fremur er gert ráð fyrir skipulegu samstarfi stofnunarinnar við landshlutasamtökin um áætlanagerð.

Þá flytur undirritaður tillögu ásamt Halldóri Blöndal um að stofnunin hafi heimili og varnarþing á Akureyri.

Aðalgallar frumvarpsins og málsins í heild eru þessir:

1. Ekki er komið til móts við þau sjónarmið sem sett hafa verið fram að undanfögnu, meðal annars í samþykktum Alþýðubandalagsins, að aukið vald verði fært til landshlutanna sjálfra. Þvert á móti er gert ráð fyrir því að byggðastefnunni verði stýrt frá einum stað í Reykjavík og að höggvið verði á þau tengsl sem landshlutasamtökin hafa haft við byggðadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins. Þessi aukna miðstýring, á sama tíma og krafist er valddreifingar og lýðræðis, er versti gallinn á frumvarpi ríkisstjórnarinnar.
2. Þá gerir ríkisstjórnin ráð fyrir því að stofnun þessi heyri undir forsætisráðherra. Undirritaður leggur til að stofnunin heyri undir félagsmálaráðherra vegna þess að félagsmálaráðuneytið fer með málefni sveitarfélaganna og Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Það er því eðlilegt í alla staði að félagsmálaráðuneytið fari með byggðamál í heild.
3. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að heimilt verði að ráða til stofnunarinnar fleiri en einn forstjóra. Það virðist því vera ætlun stjórnarflokkanna að ráða a. m. k. tvo forstjóra til stofnunarinnar í samræmi við helmingaskiptaregluna. Þá er það athyglisvert að stjórnarflokkarnir skuli ætla forráðamönnum Framkvæmdasjóðs og Bygðastofnunar eilífðarráðningu en það brýtur í bága við þau almennu viðhorf að forstöðumenn slíkra stofnana eigi að ráða til takmarkaðs tíma í senn.
4. Ekki er nægilega tryggilega gengið frá því að Bygðastofnun fái helming húseignar Framkvæmdastofnunar. Meiri hl. nefndarinnar hefur lýst því yfir að það verði gert en engin gögn hafa komið fram því til staðfestingar enn þá.
5. Samkvæmt frumvarpinu er dregið úr áherslu á byggðastefnu og byggðajafnvægi. Sama gildir um áætlanagerð hvers konar, en jafnframt er bærýnilega stefnt að því að láta markaðslögmálin ráða meira um framtíð byggðar í landinu en verið hefur.
6. Hvergi er í frumvarpinu tekið á þeim stórfellda vanda sem nú blasir við landsbyggðinni, ekki síst í sjávarútvegi og landbúnaði. Þar fylgir ríkisstjórnin í raun andbyggðastefnu og sést það meðal annars á því að verulegur hluti landbúnaðarhéraðanna er í stórfelldri hættu þannig að auðn blasir við.

Annar minni hl. nefndarinnar telur þrátt fyrir þessa galla rétt að stuðla að því að hér á landi starfi Bygðastofnun. Alþýðubandalagið hefur áður flutt tillögur um sjálfstæða og öflugra byggðastofnun með traustum tengslum við byggðirnar sjálfar á grundvelli valddreifingar og lýðræðis. Þess vegna er 2. minni hl. andvígur því sjónarmiði Alþýðuflokksins og Bandalags jafnaðarmanna sem leggja til að frumvarpið verði fellt.

Nánari grein er gerð fyrir álit 2. minni hl. í nefndarálitum um frv. um Framkvæmdasjóð og frv. um þróunarfélag sem rætt hefur verið um í nefndinni samhliða afgreiðslu frv. um Bygðastofnun.

Alþingi, 31. maí 1985.

Svavar Gestsson.